



Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga 7. maí 2012, kl 16.30.
Haldinn á skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga, Árnagötu 2-4, Ísafirði.

Mætt voru til fundar, Albertína F Elíasdóttir, formaður, Friðbjörg Matthíasdóttir, Jón Jónsson og Jóna Benediktsdóttir í forföllum Sigurðar Péturssonar. Ómar Már Jónsson boðaði forföll og varamaður hans var einnig forfallaður. Auk þess sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri og ritaði fundargerð.

1. IPA fundur.

Mætt til fundar Anna Margrét Guðjónsdóttir, sérfræðingur frá amadvice. Rætt um niðurstöðu fundar sem haldinn var á vegum FV á Ísafirði nú fyrr í dag til að vinna að undirbúningi IPA umsóknar (Instrument for Pre-Accession Assistance). Beðið er lokaafgreiðslu. Rætt um hugmyndir stjórnar FV um IPA styrki og hlutverk stjórnar við mat á styrkumsóknum.

2. Lögð fram fundargerð stjórnarfundar BsVest frá 2. mars s.l.. Fundargerð samþykkt

3. 57. Fjórðungsping Vestfirðinga.

Samþykkt að boða til þings þann 7. og 8. september n.k. og þingið verði haldið í Vesturbyggð. Framkvæmdastjóra falið að undirbúa þingið í samvinnu við sveitarfélagið Vesturbyggð.

4. Dagsetning stjórnarfundar .

Samþykkt að boða til næsta stjórnarfundar þann 18. maí 2012, fundurinn verði haldinn á Ísafirði.

5. Evrópumál. Samkvæmt samþykkt stjórnar þann 20. febrúar s.l. var sóttu um stuðning TAIEX við kynnisferð til Evrópsk héraðs. Staðfest svar hefur nú borist frá Baskalandi, á Spáni vegna ferðar frá 4. – 8. júní n.k.. Ómar Már Jónsson hefur tilkynnt að verði forfallaður og finna þarf nýjan aðila. Formaður leggur til að rætt verði við aðra stjórnarmenn um þátttöku. Tillagan samþykkt.

6. Stoðkerfi atvinnu og byggðar.

Mættur til fundar Neil Shiran Þórisson, framkvæmdastjóri atvest. Rætt um fyrirkomulag á samvinnu FV og atvest eftir að samstarfi um framkvæmdastjóra, var hætt í framhaldi af niðurstöðu hluthafafundar félagsins þann 22. febrúar s.l.

7. Tilboð frá Amadvice ehf. Framkvæmdastjóri fór yfir forsendur tilboðs vegna IPA umsóknar, sótt er um stuðning Vaxtarsamnings Vestfjarða á móti framlagi FV.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 18.00